

# Vordægur 2022

9.-14. maí og 16.-21.maí

Þegar farfuglarnir fara á stjá í Mývatnssveit í vor mun Sel-Hótel Mývatn bjóða upp á skemmtilega dvöl og dagskrá fyrir kátt fólk 60 ára og eldra.

Þetta er frábært tækifæri til að gleðjast og kynnast nýju fólki viðsvegar af landinu og láta stjarna við sig í mat og drykk.

Í boði eru tvær dagsetningar en dagskráin er fjölbreytt.  
Farið verður í ferðir með leiðsögn um sveitina fögru og um nærliggjandi sveitir.

Á kvöldin verður spilað, sungið, dansað og sagðar sögur.

Mývetningarnir, Jónas Helgason og Þóroddur Þóroddsson frá Grænavatni sjá um leiðsögn

Skemmtanastjóri er Sigurður Tryggvason frá Lundi

Morgunleikfimin er undir stjórn Ástu Price

Verð fyrir vikuna er 85.600,- pr mann  
(25% staðfestingargjald þarf að borga fyrir 1. Maí)



## Innifalið í verði:

5 náttu gisting með morgunverði,  
2ja rétta kvöldverður öll kvöldin,

Léttur hádegisverður, morgunæfingar  
alla morgna (nema brottfaradag),

Skoðunarferð um Mývatnssveit, skoðunarferð  
til Húsavíkur, félagsvist, boccia, bingó og margt fleira.

Pantanir hjá Ásdísi Jóhannesdóttir í síma 861 0274 eða  
beint á netfang hennar asdis@myvatn.is

Sel - Hótel Mývatn • Skútustöðum 660 Mývatn  
Sími 464 4164 • www.myvatn.is



II. tbl.

6. apr. 2022

29 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Verið velkomin á formlega opnun sýningarinnar

## Laxárdeilan

Morgunroði náttúruverndar á Íslandi

Safnahúsinu á Húsavík, laugardaginn 9. apríl kl.14:00

Sýningin segir frá atburðarás hinnar frægu Laxárdeilu með áherslu á náttúruvernd við framsetningu hennar og túlkun. Fjallað er um vistfræði Laxár, tengsl fólks við ána og baráttu fyrir verndun hennar. Fjöldi texta er að finna á sýningunni, í formi ljóða, fréttu, blaðagreina, dómsorða og fræðilegra umfjallana, sem skýra ólíka sýn fólks á náttúruna.

Sýningarstjórinn Sigurlaug Dagsdóttir tekur á móti gestum og í boði verða léttar veitingar.

*Sjáumst!*



... hafi hann farið á staðinn á níunda tímanum um kvöldið og rekið járnkarl í yfirborð stíflunnar til þess að sýna samstöðu sína að verki þessu.



Safnaráð  
Sýningin er stytt af Safnasjóði og unnið í samstarfi við  
Náttúruvisskúlinna við Mývatn



SAFNAHÚSIÐ  
HÚSAVIK MUSEUM  
MENNINGARMIÐSTÖÐ HINGEYINGA

**ath! Auglýsingum fyrir páskastelpu  
þarf að skila á sunnudegi 10.apríl fyrir kl.15.00.**

## **Hlaupastelpan**

### **Verðskrá:**

Hálfsíðuauglýsing kr. 3.990– m.vsk

heilsíðuauglýsing kr. 5.500.m vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is  
Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.  
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar  
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir  
s. 8953386

## **Skoðanakönnun**

### **meðal íbúa um nafn á nýju sveitarfélagi**



Nú gefst íbúum Þingeyjarsveitar og Skútustaða-  
hrepps tækifæri til að taka þátt í að velja nafn á sameinað sveitarfélag.  
Valið stendur á milli fjögurra nafna, Goðáþing, Laxárþing, Suðurþing og  
Þingeyjarsveit.

Könnunin er opin frá 4. apríl til miðnættis 19. apríl og verður leiðbein-  
andi fyrir nýja sveitarstjórn, sem tekur endanlega ákvörðun.

Könnunin fer fram á vefnum Betra Ísland, [https://betraisland.is/  
group/13151](https://betraisland.is/group/13151) (sjá einnig á heimasíðu sveitarfélaganna þar sem hægt er  
að fara beint inn á slóðina).

Innskráning er með rafrænum skilríkum og þátttökuréttur miðast við  
alla íbúa sveitarfélaganna beggja sem náð hafa 16 ára aldri þann 10.  
mars s.l.

## **Tónlistarhátíðin Músík í Mývatnssveit 2022**

verður haldin í dymbilviku.

Skírdag 14.apríl kl. 20 -í Skjólbrekku,  
verður flutt píanótónlist eftir Beethoven ásamt söng-  
lögum og óperuaríum.

Föstudaginn langa 15.apríl kl. 21- í Reykjahlíðarkirkju,  
verða fluttar ýmsar perlor tónbókmenntanna m.a. eftir  
Mozart og J.S.Bach og úrval af sönglögum sem ramma  
inn efnisskrána og mynda heild sem er í samræmi við  
hefð dagsins.

Flytjendur eru:

Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran,  
Kristinn Sigmundsson bassi,  
Ammiel Bushakevitz píanó,  
Laufey Sigurðardóttir fiðla  
Bryndís Halla Gylfadóttir selló.

Hlökkum til að sjá ykkur !  
Músík í Mývatnssveit



Góðan dag

Við þurfum að taka viðhaldsstopp fimmtudaginn 7. apríl og föstudaginn 8. apríl. Ef heppnin er með okkur munum við ná að opna seinnipartinn 8. apríl en það kemur þó bara í ljós samdægurs og verður þá auglýst á Facebook hjá okkur.

Bestu baðkveðjur frá Jarðböðunum við Mývatn

### Aðalsafnaðarfundur Hálssóknar

Verður haldinn í salnum á Illugastöðum  
Þriðjudagskvöldið 19. apríl 2022 kl 20:00

- Venjuleg aðalfundarstöf
- Kosningar
- Önnur mál.

Nú er sóknin búin að fá vilyrði fyrir styrkjum til að fara í framkvæmdir á kirkjunum, það er að byrja á að mála Hálskirkju og Illugastaðakirkju að innan og laga gólfið í Draflastaðakirkju, einnig höfum við fengið vilyrði fyrir styrk í að endurgera girðingu utan um Hálskirkjugarð. Við vildum gjarnan fá ykkur til að koma á fundinn til umræðu um þessi verkefni.

Sóknarnefnd

## Aðalfundur Félags eldri borgara í Þingeyjarsveit.

Aðalfundur F.E.B.Þ. verður haldinn  
í Dalakofanum þriðjudaginn 19. apríl næstkomandi.

Venjuleg aðalfundarstöf  
Kynning á fyrirhugaðri sumarferð.

Kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórnin.

### Opið hús aldraðra í Þingeyjarsveit.

#### Tilkynning um páskalokun.

Opið hús aldraðra fer í páskafrí og verður ekki í Dymbilviku né þriðjudaginn eftir páska.

Opið hús verður svo á Breiðumýri dagana 26. apríl og 3. maí.  
Þriðjudaginn 26. apríl er dagskrá óráðin en þriðjudaginn 3. maí sem er síðasta opna hús vetrarins verður spiluð félagsvist.

Starfsmenn.



## Stórutjarnaskóli Þingeyjarsveit

Umhverfis- og lýðheilsuþing Stórutjarnaskóla og  
Vortónleikar Stórutjarnaskóla verða 4. maí frá kl 13:30 – 15:20

Nánari dagskrá auglýst síðar.

Afmælishátíð

Í tilefni af 50 ára afmæli Stórutjarnaskóla þann 9. nóvember  
2021 verður haldin afmælishátíð þann 10. maí kl. 13:30

Nánar auglýst síðar, Takið daginn frá

*Skólastjóri*

## Messur um páska í Grenjaðarstaðarprestakalli



### Aðafaranótt páska

Laugardagur 16. apríl kl. 23:00  
Páskanæturvaka Grenjaðarstað

### Annar dagur páska 18. apríl

Hátíðamessa Einarstöðum kl. 11:00  
Hátíðamessa Þóroddsstað kl. 16:00

Allir velkomnir.  
Séra Þorgrímur.

## Messur um páska í Laufásprestakalli austan Vaðlaheiðar



### Skírdagur

Fermingarmessa í Lundarbrekkukirkju kl.11.00

### Föstudagurinn langi

Tónleikar í Laufáskirkju kl.14.30

### Páskadagur

Hátíðarmessa í Þorgeirskirkju kl.14.00

Sr. Gunnar Einar Steingrímsson

## Fundarboð

### Aðalfundur

Veiðifélags Reykjadalssár og Eyvindarlækjar  
verður haldinn í Dalakofanum Laugum  
**mánudaginn 11. apríl 2022 kl. 20.00**

#### Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar.
- Reikningar félagsins til afgreiðslu.
- Umræður/ákvörðun um ræktunarmarkmið komandi ára.
- Fjárhagsáætlun ársins.
- Kosningar.
- Önnur mál.

Stjórn félagsins